

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	23/4/2018
Málsnr:	1804522
Brefnaf:	030.1



Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 20. apríl 2018  
Tilv.: SRN18040030/4.13.3

Ráðuneytinu hafa borist hjálögð erindi Sigurðar Arnar Hilmarssonar hrl. frá 11. og 12. þ.m. þar sem hann, f.h. Borghildar Sturludóttur og Péturs Óskarssonar, varamanna í bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar, óskar eftir því að ráðuneytið taki til umfjöllunar nánar tilgreind atriði er varða m.a. kjörgengi og forföll bæjarfulltrúa og framkvæmd fundar bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar sem haldinn var 11. þ.m. Er vísað til erindanna og fylgigagna þeirra.

Áður en tekin verður afstaða til þess hvort málið gefi tilefni til formlegrar umfjöllunar um stjórnsýslu sveitarfélagsins á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, og með vísan til 113. gr. sömu laga, óskar ráðuneytið eftir umsögn bæjarstjórnar um erindin. Þá er einnig sérstaklega óskað eftir upplýsingum um eftirfarandi:

1. Óskað er eftir afriti erindis Guðlaugar Svölu Steinunnar Kristjánsdóttir bæjarfulltrúa sem lagt var fram á fundi bæjarstjórnar 14. mars sl., þar sem hún tilkynnir um ótímabundin forföll sín. Þá óskast upplýst hvort og þá með hvaða hætti Guðlaug hafi tilkynnt um að forföllum sínum væri lokið áður en hún tók sæti á fundi bæjarstjórnar 11. apríl sl. Sé slík tilkynning til staðar er jafnframt óskað eftir afriti hennar.
2. Óskað er upplýsinga um hvort og þá með hvaða hætti meintur missir Einars Birkis Einarssonar á kjörgengi í bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hafi komið til úrskurðar eða annarrar umfjöllunar í bæjarstjórn eða annars staðar í stjórnkerfi sveitarfélagsins.
3. Óskað er upplýsinga um tildrog þess að á fundi bæjarstjórnar 11. apríl sl. voru teknar til umfjöllunar og atkvæðagreiðslu tillögur um breytingar á skipan skipulags- og byggingaráðs og hafnarstjórnar, sbr. 1. liður fundargerðar fundarins.

Er þess óskað að umbeðnar upplýsingar og gögn berist ráðuneytinu eigi síðar en föstudaginn 11. maí nk.

Hermann Sæmundsson

Fyrir hönd ráðherra

Ólafur Kr. Hjörleifsson

Fylgiskj.: Erindi Sigurðar Arnar Hilmarssonar hrl. frá 11. og 12. apríl 2018 ásamt fylgiskjölum.

Ljósrit: Sigurður Örn Hilmarsson hrl.

Klapparstíg 25-27

101 Reykjavík



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið  
b.t. Ólafs Kr. Hjörleifssonar  
Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. apríl 2018

### **EFNI: Stjórnsýslueftirlit vegna bæjarstjórnar Hafnarfjarðar**

Til Réttar hafa leitað Borghildur Sölvey Sturludóttir og Pétur Óskarsson, sem eru varabæjarfulltrúar í sveitarstjórn Hafnarfjarðarbæjar. Málið varðar annars vegar ákvarðanir Guðlaugar Svölu Steinunnar Kristjánssdóttur um setu í og úr bæjarstjórn og hins vegar missir kjörgengis og þá samhliða lausn frá störfum bæjarfulltrúans Einars Birkis Einarssonar.

Erindi þetta byggir á XI. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, en þess er óskað að ráðuneytið taki erindi þetta til umfjöllunar á grundvelli 109. gr. laganna er mæla fyrir um almennt stjórnsýslueftirlit ráðherra með því að sveitarfélög gegni skyldum sínum samkvæmt sveitarstjórnarlögum og öðrum löglegum fyrirmælum. Telji ráðuneytið ekki tilefni til að taka málið til formlegrar umfjöllunar að eigin frumkvæði áskilja umbjóðendur mínir sínir rétt sinn til að leggja fram stjórnsýslukæru vegna málsins.

#### L. Guðlaug Svala Steinunn Kristjánssdóttir

Fyrra umkvörtunarefni umbjóðenda minna lýtur að ákvörðunum Guðlaugar Kristjánssdóttur um setu í og úr bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar nr. 1802 þann 14. mars 2018 var tekin fyrir tilkynning Guðlaugar Svölu Kristjánssdóttur um ótímbundin forföll sem bæjarfulltrúi. Fjallað er um forföll aðalmannna í 2. og 3. mgr. 31. gr. sveitarstjórnarlaga, en erindi hennar var afgreitt á grundvelli síðastnefnda ákvæðisins sem er bundið við tilvik þegar aðalmaður tekur hlé frá störfum í a.m.k. einn mánuð vegna lögmætra forfalla. Í greinargerðinni með frumvarpinu er jafnframt fjallað um að ákvæðið nái einungis til þess þegar forföll eru „ekki aðeins tilfallandi heldur standa í einn mánuð eða lengri tíma.“ Í greinargerð með lögunum segir að tilgangur 30. og 31. gr. sé að setja í fastari skorður innkallanir varamanna á einstaka sveitarstjórnarfundi. Í umfjöllun greinargerðarinnar um 30. gr. laganna segir að reglum um tímabundna lausn frá störfum, t.d. vegna veikinda, sé m.a. sá að koma í veg fyrir að þeir sem kjörnir eru í sveitarstjórn geti ekki



vikið úr þeim af geðþóttaástæðum einum og tryggja festu í störfum sveitarfélaganna. Að mati umbjóðanda minna gilda sömu sjónarmið um 31. gr. laganna.

Nú hefur Guðlaug tilkynnt að hún hyggist taka sæta sitt að nýju sem aðalmaður í bæjarstjórn og skilst umbjóðendum okkar að það erindi verði tekið til umfjöllunar á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar sem boðað hefur verið til kl. 17 í dag (11. apríl 2018). Það er í andstöðu við áðurnefnda 3. mgr. 31. gr., enda er ekki liðinn mánuðir frá því að forföllin hófust og umbjóðandi minn, Borghildur Sölvey Sturludóttir tók sæti í bæjarstjórninni.

#### II. Einar Birkir Einarsson

Síðara umkvörtunarefni umbjóðenda minna lýtur að kjörgengi Einars Birkis Einarssonar en skv. 1. mgr. 30. gr. sveitarstjórnlaga þá skal sveitarstjórnarmaður víkja úr sveitarstjórn ef hann missir kjörgengi.

Í 1. mgr. 3. gr. laga um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998 segir að kjörgengur sé sá sem m.a. á kosningarárétt í sveitarfélagini skv. 2. gr. laganna, en þar er gerður áskilnaður um lögheimili í sveitarfélagini.

Einar Birkir Einarsson er með skráð lögheimili við Grænukinn 1, 220 Hafnarfirði (sjá fylgiskjal 1) þar sem systir hans, Arndís Harpa Einarsdóttir, býr ásamt fjölskyldu sinni (sjá fylgiskjal 2). Hann býr hins vegar í einbýlishúsi við Álfaheiði 13, 200 Kópavogi, sem hann á með sambýliskonu sinni, Huldu Rögnu Valsdóttur (sjá fylgiskjal 3). Í þessu sambandi er vakin athygli á því að sambýliskona Einars Birkis er með skráð lögheimili að Álfaheiði 13 (sjá fylgiskjal 4).

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um lögheimili nr. 21/1990 er lögheimili manns sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu en skv. 2. mgr. 1. gr. laganna telst maður hafa fasta búsetu á þeim stað þar sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómstundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir. Fjallað var um lögheimilisskráningu Einars Birkis á visir.is þann 7. apríl 2018 en þar kemur fram Einar búi í Kópavogi (fylgiskjal 5). Að sögn fréttamannsins náðist ekki í Einar Birki við vinnslu fréttarinnar.

Umbjóðendur mírir telja ríkt tilefni til að ráðuneytið afli upplýsinga frá Einari um búsetu hans svo unnt sé að staðfesta hvort Einar njóti enn kjörgengis eða hvort leysa beri hann frá störfum sökum missis þess, sbr. áðurnefnd 1. mgr. 30. gr. sveitarstjórnlaga.

#### III. Niðurlag



Umbjóðendur míni vísa til alls framangreinds og óska þess að afgreiðslu erindis þessa verði flýtt eins og kostur er, enda sérstaklega óheppilegt að uppi sé vafi um það hverjur eiga rétt til setu og ákvörðunartöku á vettvangi sveitarstjórnar. Það er því sérstaklega brýnt að málið sé sett í forgang, enda ljóst að ágreiningur er á milli sveitarstjórnarmanna um það hver eigi rétt til setu í bæjarstjórn með tilheyrandi vafa um lögmæti þeirra ákvarðana sem þar eru tekna.

Virðingarfyllst  
  
Sigurður Örn Hilmarsson hrl.





Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið  
b.t. Ólafs Kr. Hjörleifssonar  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík

Reykjavík, 12. apríl 2018

### **EFNI: Stjórnsýslueftirlit vegna bæjarstjórnar Hafnarfjarðar**

Vísað er til fyrra bréfs umbjóðenda minna, Borghildar Sturludóttur og Péturs Óskarssonar, til ráðuneytisins dags. 11. apríl sl., vegna bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Til viðbótar við áðurnefnt erindi telja umbjóðendur mínið ástæðu til að koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri vegna bæjarstjórnarfundar í Hafnarfirði í gær (11. apríl sl.).

Á fundi bæjarstjórnar bar forseti upp tillögu um breytingar á fulltrúum skipulags- og byggingarráði og Hafnarstjórn, en með þeim var umbjóðendum mínum vikið úr þessum ráðum. (fylgiskjal 1).

Umbjóðendur mínið gera eftirfarandi athugasemdir við afgreiðslu og boðun fundarins:

1. Ekki var getið um breytingarnar í auglýstri dagskrá fundarins (fylgiskjal 2). Er þetta í andstöðu við 2. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Í þessu sambandi er sérstaklega minnt á að áðurnefndu lagaákvæði er ekki einungis ætlað að gera sveitarstjórnarmönnum kleift að undirbúa ákvarðanir sínar, heldur einnig að veita íbúum sveitarfélagsins og fjölmöldum kost á að fylgjast með störfum sveitarstjórnar og veita henni lýðræðislegt aðhald, en dagskrá skal skv. 3. mgr. 15. gr. auglýst opinberlega auk þess sem fundir sveitarstjórnar eru opnir, sbr. 16. gr. laganna. Þá greinir í 10. gr. samþykkta Hafnarfjarðar að í dagskrá bæjarstjórnarfundar skuli geta um kosningar í nefndir, ráð og stjórnir á vegum bæjarstjórnar. Bæjarfulltrúi sem óskar þess að fá mál tekið á dagskrá skal gera það með tilkynningu fyrir kl. 11 á mánudegi fyrir reglulegan fundartíma á bæjarstjórnar á miðvikudegi. Umbjóðendum mínum er ekki kunnugt um að það hafi verið gert, en minna á að ekkert var fjallað um málið í auglýstri dagskrá. Þá er vísað til þess að fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna sátu hjá við afgreiðsluna, þar sem þeir treystu sér „ekki til að taka afstöðu til tillögunnar eins og hún [var] lögð




fram” og víesar það væntanlega til þess að ekki var getið um breytingartillöguna í auglýstri dagskrá fundarins.

2. Fundinn sátu Guðlaug Kristjánsdóttir og Einar Birkir Einarsson, en umbjóðendur mínr hafa áður gert athugasemdir við setu þeirra í bæjarstjórn, sbr. fyrra erindi umbjóðenda minna 11. apríl 2018.
3. Svo virðist sem að brotið hafi verið gegn ákvæði 16. gr. sveitarstjórnarlaga um opna fundi, en í frétt á visir.is 12. apríl 2018 (fylgiskjal 3) og á fjardarfrettir.is 12. apríl 2018 (fylgiskjal 4) segir forseti bæjarstjórnar, Guðlaug Kristjánsdóttir, hafi gert hlé á fundinum eftir að umræða um málið hófst og var gestum vísað úr sal, á meðan háværar umræður fóru fram í fundarsalnum í meira en klukkutíma. Þetta má jafnframt ráða af fundargerðinni sjálfri en samkvæmt henni var gert hlé kl. 17.21 og fundi framhaldið kl. 18.14. Ekki fæst annað séð en að þarna hafi forseti bæjarstjórnar brotið gegn áðurnefndri meginreglu um opna fundi bæjarstjórnar, í þeim tilgangi að meina íbúum sveitarfélagsins og fulltrúum fjölmíðla að fylgjast með umræðum á fundinum. Þetta er sérstaklega ámælisvert og í andstöðu við þær lyðræðishefðir sem sveitarstjórnarlögunum er ætlað að tryggja.
4. Á fundinum var umbjóðendum mínum vikið úr skipulags- og byggingarráði og Hafnarstjórn áður en kjörtímabili þeirra lauk, sbr. 39. gr. samþykkta Hafnarfjarðar. Í fundargerð bæjarstjórnar segir reyndar að umbjóðendur mínr séu að hætta í þessum nefndum, en hið rétta er að þeim var vikið úr sæti gegn vilja þeirra. Samkvæmt 49. gr. sveitarstjórnarlaga getur sveitarstjórn hvenær sem er á kjörtímabili ákvæðið að skipta um fullrúa í nefndum ráðum, og stjórnum sem hún kýs eða skipar, að nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum. Í máli Gunnars Axels Axelssonar, bæjarfulltrúa, á fundinum kom fram að hann gæti ekki séð að neinar málefnalegar ástæður hafi verið settar fram af þeim er bar fram tillöguna sem réttlætt gætu ákvörðun um að víkja viðkomandi fulltrúum úr þessum ráðum og stjórnum, og vísa umbjóðendur mínr því til stuðnings til áskilnaðs 2. mgr. 49. gr. laganna. Í niðurlagi sama ákvæðis segir svo skýrlega að við breytingar á skipan fulltrúa „skal kjósa alla fulltrú að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. nema enginn ágreiningur sé innan sveitarstjórnar um breytingarnar.“ Líkt og fundargerðin ber með sér var það ekki gert og því er afgreiðslan í andstöðu við 49. gr. laganna.

Að öllu framangreindu virtu er þess óskað að ráðuneytið taki ofangreint til umfjöllunar á grundvelli 109. gr. sveitarstjórnarlaga er mælir fyrir um almennt stjórnsýslueftirlit ráðherra með því að sveitarfélög gegni skyldum sínum samkvæmt sveitarstjórnarlögum og öðrum



löglegum fyrirmælum. Telji ráðuneytið ekki tilefni til að taka málið til formlegrar umfjöllunar að eigin frumkvæði áskilja umbjóðendur mínr sínr rétt sinn til að leggja fram stjórnsýslukæru vegna málssins.

Virðingarfyllst  
  
Sigurður Órn Hilmarsson hrl.





## Leita á vefnum

Leit á vef Hafnarfjarðar

Leita

Pú ert hér Forsíða / Stjórnsýsla / Stjórnsýslan / Fundargerðir

### Fundargerðir

Til baka

Prenta

#### Bæjarstjórn - 1803

Haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg,  
11.04.2018 og hófst hann kl. 17:00

**Fundinn sátu:** Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir. Margrét Gaua Magnúsdóttir. Kristinn Andersen. Rósa Guðbjartsdóttir. Unnur Lára Bryde. Ólafur Ingi Tómasson. Helga Ingólfssdóttir. Einar Birkir Einarsson. Gunnar Axel Axelsson. Adda María Jóhannsdóttir. Elva Dögg Ásud. Kristinsdóttir. Pétur Gautur Svavarsson.

**Fundargerð ritaði:** Ívar Bragason

Mættir voru allir aðalbæjarfulltrúar. Helga Ingólfssdóttir vék af fundi í fundarhléi kl. 17:21 en í hennar stað mætti Pétur Gautur Sigurðsson og sat út fundinn.

Auk þeirra sat Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri fundinn.

Forseti bæjarstjórnar Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir setti fundinn og stjórnaði honum.

#### Dagskrá:

Almenn erindi

##### 1. 1406187 - Ráð og nefndir 2014-2018, kosningar

1.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 21.mars sl.

Breyting á fullrúum Bjartrar framtíðar í fræðsluráði þar sem Þórunn Blöndal, Brekkugötu 7, fer úr ráðinu og í hennar stað tekur sæti Áshildur Hlín Valtýsdóttir, Ljósabergi 48, 221 Hafnarfirði.

Vísað aftur til Bæjarstjórnar vegna formgalla.

Forseti ber upp tillögu um breytingu á fullrúum Bjartrar framtíðar í fræðsluráði þar sem varamaðurinn Þórunn Blöndal, Brekkugötu 7, fer úr ráðinu og í hennar stað tekur sæti varamanns Áshildur Hlín Valtýsdóttir, Ljósabergi 48, 221 Hafnarfirði. Er tillagan samþykkt samhljóða með 11 greiddum atkvæðum.

Einnig ber forseti upp tillögu um eftirfarandi breytingar á fulltrúum í skipulags- og byggingarráði, þar sem þau hætta Borghildur Sölvey Sturludóttir og Pétur Óskarsson sem aðalmenn. Helga Björg Arnardóttir, Álfaskeiði 1 hættir sem varamaður og verður aðalfulltrúi. Hörður Svavarsson, Hólabraut 6 verður aðalfulltrúi. Nýr varamaður verður Hulda Sólveig Jóhannsdóttir, Glitvöllum 5. Sigurður P Sigmundsson er áfram varamaður.

Til máls tekur Gunnar Axel Axelsson.

Fundarhlé kl. 17:21.

Fundi framhaldið kl. 18:14.

Helga Ingólfssdóttir vék af fundi í fundarhléi og í hennar stað er mættur Pétur Gautur Sigurðsson.

Forseti ber aftur upp ofangreinda tillögu að breytingu á fulltrúum í skipulags- og byggingarráði og er tillagan samþykkt með 7 atkvæðum en 4 sitja hjá. Einar Birkir Einarsson, Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir, Pétur Gautur Sigurðsson, Kristinn Andersen, Ólafur Ingi Tómasson, Rósa Guðbjartsdóttir og Unnur Lára Bryde greiddu atkvæði með tillöggunni. Adda María Jóhannsdóttir, Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir, Gunnar Axel Axelsson, Margrét Gauja Magnúsdóttir sátu hjá.

Þá ber forseti upp tillögu að breytingum í Hafnarstjórn sem felur í sér að þar hætta þau Borghildur Sölvey Sturludóttir, aðalmaður og í hennar stað kemur Karólína Helga Símonardóttir, Kelduhvammi 24 sem aðalfulltrúi. Pétur Óskarsson hættir sem varamaður og í hans stað kemur Hulda Sólveig Jóhannsdóttir, Glitvöllum 5.

Er tillagan samþykkt með 7 atkvæðum og 4 sitja hjá. Einar Birkir Einarsson, Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir, Pétur Gautur Sigurðsson, Kristinn Andersen, Ólafur Ingi Tómasson, Rósa Guðbjartsdóttir og Unnur Lára Bryde greiddu atkvæði með tillöggunni. Adda María Jóhannsdóttir, Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir, Gunnar Axel Axelsson, Margrét Gauja Magnúsdóttir sátu hjá.

Adda María Jóhannsdóttir tekur til máls og leggur fram eftirfarandi bókun fyrir hönd fulltrúa Samfylkingar og Vinstri grænna vegna breytinga á skipulags- og byggingarráði og Hafnarstjórn:

"Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna sitja hjá og óska bókað.  
Við treystum okkur ekki til að taka afstöðu til tillögunnar eins og hún er lögð fram."

## 2. 1803007 - Frístundastyrkur, reglur

6.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 21.mars sl.

Lagt fram minnisblað um hækjun Frístundastyrks og um breytt aldursviðmiðum.

*Fræðsluráð leggur til við bæjarstjórn að frístundastyrkir verði greiddir til ungmenna út árið sem þau ná 18 ára aldri og að samþykkir taki gildi frá og með 1. janúar 2018. Gert er ráð fyrir að breytingin muni kosta um 2.1 milljón króna á árinu og er þeirri breytingu á fjárhagsáætlun 2018 vísað til gerðar viðauka bæjarráðs.*

Til máls tekur Rósa Guðbjartsdóttir. Einnig tekur til máls Margrét Gauja Magnúsdóttir.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að frístundastyrkir verði greiddir til ungmenna út árið sem þau ná 18 ára aldri og að samþykkir taki gildi frá og með 1. janúar 2018, sbr. fyrirliggjandi tillögu fræðsluráðs

**[Minnisblað um aukinn frístundastyrk fyrir börn í Hafnarfirði mars 2018.docx]**

### **3. 1312019 - Hraðlest, fluglest**

*4. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 22.mars sl.  
Til umræðu og afgreiðslu.*

*Málinu vísað til bæjarstjórnar.*

Til máls tekur Ólafur Ingi Tómasson og ber jafnframt upp tillögu um að málinu verði vísað til umsagnar í skipulags- og byggingarráði.

Til máls tekur Gunnar Axel Axelsson. Til andsvars kemur Rósa Guðbjartsdóttir og leggur til að málinu verði frestað milli funda.

Fundarhlé kl. 18:34.

Fundi framhaldið kl. 18:36.

Forseti ber upp framkomna tillögu um að fresta málinu milli funda og er tillagan samþykkt með 9 greiddum atkvæðum og tveir sitja hjá.

Einar Birkir Einarsson, Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir, Pétur Gautur Sigurðsson, Kristinn Andersen, Ólafur Ingi Tómasson, Rósa Guðbjartsdóttir og Unnur Lára Bryde, Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir og Margrét Gauja Magnúsdóttir samþykkja tillögu um frestun málsins en þau Adda María Jóhannsdóttir og Gunnar Axel Axelsson sitja hjá.

**[Samstarfssamningur\_SSH\_um\_throun\_hradlestar\_31.05.2017.pdf]**

### **4. 1801249 - Strandgata 6, Bæjarbíó, erindi**

*7. liður úr fundargerð bæjarráð 5. apríl s.l. "Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi samningsdrög og felur bæjarstjóra að ljúka málinu í samræmi við umræður á fundinum".*

*Lagt fram til bæjarstjórnar til samþykktar og staðfestingar, breytingar á samningi um rekstur og umsjón Bæjarbíós 2016 til 2019 ásamt samningi um rekstur og umsjón Bæjarbíós 2016 til*

2019.

Bæjarstjórn samþykkir og staðfestir breytingar á fyrirliggjandi samningi um rekstur og umsjón Bæjarbíós 2016 til 2019 ásamt fyrirliggjandi samningi um rekstur og umsjón Bæjarbíós 2016 til 2019.

## 5. 1612131 - Sörlaskeið 22, ósk um lóðarstækkun

7.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 22.mars sl.

Lögð fram beiðni lóðarhafa um ósk um lóðarstækkun í samræmi við gildandi deiliskipulag.

*Berglind Guðmundsdóttir landslagsarkitekt og Lílja Ólafsdóttir lóðaritari mættu til fundarins.*

*Bæjarráð samþykkir erindið og leggur til við bæjarstjórn að samþykkja stækkun á lóðinni í samræmi við gildandi deiliskipulag og að lóðarleigusamningur verði gerður miðað við stærð lóðarinnar.*

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða stækkun á lóðinni Sörlaskeið 22 í samræmi við gildandi deiliskipulag og að lóðarleigusamningur verði gerður miðað við stærð lóðarinnar.

## 6. 1803270 - Malarskarð 8, umsókn um lóð

13.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 22.mars sl.

Lögð fram lóðarumsókn um lóðina Malarskarð 8. Umsækjendur Hilmar Rafn Emilsson, kt. 120986-3179 og Hrafnhildur Ágústsdóttir kt. 041188-3329 og Jón Hjörtur Emilsson kt. 150491-2159 og Emilía Ýr Jónsdóttir, kt. 281191-2099.

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni Malarskarði 8 verði úthlutað til Hilmars Rafn Emilssonar og Hrafnhildar Ágústsdóttur og Jóns Hjartar Emilssonar og Emilíu Ýrar Jónsdóttur.*

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að lóðinni Malarskarði 8 verði úthlutað til Hilmars Rafn Emilssonar og Hrafnhildar Ágústsdóttur og Jóns Hjartar Emilssonar og Emilíu Ýrar Jónsdóttur.

## 7. 1803261 - Malarskarð 18, Umsókn um parhúsalóð

14.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 22.mars sl.

Lögð fram lóðarumsókn um lóðina Malarskarð 18. Umsækjendur Kristinn Þór Ásgeirsson kt. 010957-2149 og Inga Kristín Guðmannsdóttir, kt. 290360-2429 og Benedikt Reynir Kristinsson kt. 251190-2599.

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni Malarskarði 18 verði úthlutað til Kristins Þórs Ásgeirssonar og Ingu Kristínar Guðmannsdóttur og Benedikts Reynis Kristinssonar.*

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að lóðinni Malarskarði 18 verði úthlutað til Kristins Þórs Ásgeirssonar og Ingu Kristínar Guðmannsdóttur og Benedikts Reynis Kristinssonar.

#### **8. 1803268 - Móbergsskarð 1, umsókn um lóð**

15.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 22.mars sl.

Lögð fram lóðarumsókn um lóðina Móbergsskarð 1. Umsækjendur eru Heiðdís Rún Guðmundsdóttir kt. 110892-2419 og Brynjar Darri Baldursson, kt. 150193-2659 og Guðmundur Karlsson kt. 050164-2419 og Björg Gilsdóttir kt. 290663-3859.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni Móbergsskarði 1 verði úthlutað til Heiðdísar Rúnar Guðmundsdóttur, Brynjars Darra Baldurssonar, Guðmundar Karlssonar og Bjargar Gilsdóttur.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að lóðinni Móbergsskarði 1 verði úthlutað til Heiðdísar Rúnar Guðmundsdóttur, Brynjars Darra Baldurssonar, Guðmundar Karlssonar og Bjargar Gilsdóttur.

#### **9. 1803267 - Hádegisskarð 23, umsókn um lóð**

16.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 22.mars sl.

Lögð fram lóðarumsókn um lóðina Hádegisskarð 23. Umsækjandi er Helga Björg Sigurðardóttir kt. 280771-5039.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni Hádegisskarði 23 verði úthlutað til Helgu Bjargar Sigurðardóttur.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að lóðinni Hádegisskarði 23 verði úthlutað til Helgu Bjargar Sigurðardóttur.

#### **10. 1803274 - Hádegisskarð 21, umsókn um lóð**

17.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 22.mars sl.

Lögð fram lóðarumsókn um lóðina Hádegisskarð 21. Umsækjandi er Einar Þór Lárusson, kt. 281082-6049 og Hildur Hálfdanardóttir, kt. 281284-3209

Tvær umsóknir eru um lóðina Hádegisskarð 21 og dregið er á milli umsækjenda. Nafn Einars Þórs Lárussonar og Hildar Hálfdanardóttur er dregið út.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að úthluta lóðinni Hádegisskarði 21 til Einars Þórs Lárussonar og Hildar Hálfdanardóttur.

Gunnar Axel Axelsson víkur af fundi. Bæjarstjórn samþykkir samhljóða með 10 greiddum atkvæðum að úthluta lóðinni Hádegisskarði 21 til Einars Þórs Lárussonar

og Hildar Hálfdanardóttur.

### **11. 1803266 - Hádegisskarð 21, umsókn um lóð**

18.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 22.mars sl.

Lögð fram lóðarumsókn um lóðina Hádegisskarð 21. Umsækjandi Björn Arnar Magnússon kt. 040964-2589 og Rannveig Sigurðardóttir kt. 090667-5569.

Tvær umsóknir eru um lóðina Hádegisskarð 21 og dregið er á milli umsækjenda. Nafn Einars Pórs Lárussonar og Hildar Hálfdanardóttur er dregið út.

Umsækjendur sækja um til vara lóðina Hádegisskarð 11.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni Hádegisskarði 11 verði úthlutað til Björns Arnars Magnússonar og Rannveigar Sigurðardóttur.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða með 10 greiddum atkvæðum að lóðinni Hádegisskarði 11 verði úthlutað til Björns Arnars Magnússonar og Rannveigar Sigurðardóttur.

### **12. 1608293 - Fornubúðir 5, byggingaráform**

1.liður úr fundargerð hafnarstjórnar frá 28.mars sl.

Lugt fram erindi frá Fornubúðum eignarhaldsfélagi ehf dags. 20. mars 2018 þar sem óskað er eftir afslætti af álögðum gatnagerðargjöldum vegna nýbyggingar við Fornubúðir 5.

Hafnarstjórn mælir ekki með erindinu en vísar því til afgreiðslu í bæjarstjórn.

Gunnar Axel Axelsson kemur á ný inn á fund.

Til máls tekur Unnur Lára Bryde.

Forseti ber upp tillögu um að erindinu verði synjað og er tillagan samþykkt samhljóða með 11 greiddum atkvæðum.

### **13. 1803343 - Óseyrarbraut 25**

2.liður úr fundargerð hafnarstjórnar frá 28.mars sl.

Lagt fram erindi frá Gunnar Berg Viktorssyni dags 28. mars 2018 fyrir hönd PAG ehf þar sem sótt er um lóðina Óseyrarbraut 25 fyrir hafnsækna starfsemi og lagerhúsnæði

Hafnarstjórn samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að PAG ehf. kt: 680318-0180 verði úthlutað lóðinni Óseyrarbraut 25 með nánari skilmálum.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að PAG ehf. kt: 680318-0180 verði úthlutað lóðinni

**Umsókn um lóð.pdf**

**14. 1803389 - Sólvangsvegur 3, fastanr. 222-0530, íbúð, kauptilboð og fylgiskjöl**

4.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 5.apríl sl.

Lagt fram kauptilboð ásamt söluýfirliti í íbúð að Sólvangsvegi 3.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að gengið verði að framlögðu kauptilboði vegna íbúðar að Sólvangsvegi 3.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að gengið verði að framlögðu kauptilboði vegna íbúðar að Sólvangsvegi 3.

**15. 1411212 - Borgarlína**

8.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 3.apríl sl.

Skipulags- og byggingarráð fól skipulagsfulltrúa að hefja undirbúning að aðalskipulagsbreytingu vegna borgarlínu á fundi sínum þann 9. feb. s.l.

Lögð fram til kynningar drög að breyttu aðalskipulagi. Jafnframt lögð fram lokafreiðsla á breytingu á svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins dags. 6. mars 2018.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir lokaafreiðslu á breytingu á svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins dags. 6. mars 2018 og vísar erindinu til bæjarstjórnar sbr. 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Skipulags- og byggingarráð felur skipulagsfulltrúa að vinna að breytingu á greinagerð Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025 m.t.t. fyrirliggjandi tillögu að aðalskipulagsbreytingu.

Forseti ber upp tillögu að afgreiðslu málsins sem hljóðar svo:

"Bæjarstjórn samþykkir samhljóða lokaafreiðslu Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins á breytingu á svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins dags. 6. mars 2018, sbr. bréf svæðisskipulagsstjóra, dags. 6. mars sl. Einnig staðfestir bæjarstjórn afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs um að skipulagsfulltrúa sé falið að vinna að breytingu á greinagerð með Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 með tilliti til framangreindar."

Til máls tekur Ólafur Ingi Tómasson.

Er tillgan borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

**Aðalskipbr. borgarl. 2017 tillaga.pdf**

**Borgarlína afrit af svari Skipulagsstofnunar vegna breytinga á svæðisskipulagi.pdf**

# Lokaafgreiðsla á breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 -Hf-ráð.docx

## Fundargerðir

### 16. 1801218 - Fundargerðir 2018, til kynningar í bæjarstjórn.

Fundargerðir fjölskylduráðs frá 23.mars og 6.apríl sl.

Fundargerðir bæjarráðs frá 22.mars og 5.apríl sl.

a. Fundargerðir hafnarstjórnar frá 1.,14. og 28. mars sl.

b. Fundargerð heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis frá 26.mars sl.

c. Fundargerðir menningar- og ferðamálanefndar frá 26.febr. og 14.mars sl.

d. Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga frá 23.mars sl.

e. Fundargerðir stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 19.jan. og 21.febr. sl.

f. Fundargerðir stjórnar SORPU bs. frá 7.og 16. mars sl.

g. Fundargerð stjórnar SSH frá 5.mars sl.

h. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 16.mars sl.

Fundargerðir umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 21.mars og 4.apríl sl.

a. Fundargerðir stjórnar SORPU bs. frá 7. og 16. mars sl.

b. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 16.mars sl.

Fundargerðir skipulags- og byggingaráðs frá 20.mars og 3.apríl sl.

Fundargerðir fræðsluráðs frá 21.mars og 4.apríl sl.

a. Fundargerðir íþrótt- og tómstundanefndar frá 2.,14. og 22.mars sl.

Til máls tekur Gunnar Axel Axelsson undir 1. lið fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 4.apríl sl. Til andsvars kemur Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri. Gunnar Axel svarar andsvari.

Haraldur L. Haraldsson tekur til máls.

## Áætlanir og ársreikningar

### 17. 1804118 - Ársreikningur bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og fyrirtækja hans 2017, fyrri umræða

Ársreikningur bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og fyrirtækja hans 2017 til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

Til máls tekur Haraldur L. Haraldsson.

Næst til máls tekur Adda María Jóhannsdóttir. Einnig tekur til máls tekur Gunnar Axel Axelsson.

Forseti ber upp tillögu um að vísa ársreikningi bæjarsjóðs Hafnarfjarðar til síðari umræðu á næsta fundi bæjarstjórnar og er tillagan samþykkt samhljóða.

Fundarhlé kl. 19:42.

Fundi framhaldið kl. 20:08.

Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna leggja fram eftirfarandi bókun:

"Það er jákvætt að afkoma Hafnarfjarðarbæjar styrkist á milli ára eins og reyndin er hjá öðrum sveitarfélögum á Íslandi en bætt niðurstaða í rekstri Hafnarfjarðarbæjar byggir ekki síst á því að skatttekjur reyndust 1184 milljónum krónum meiri en upphafleg fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir. Framlög úr Jöfnunarsjóði reyndust sömuleiðis riflega 400 milljónum umfram samþykkta fjárhagsáætlun. Ef borin er saman upphafleg fjárhagsáætlun ársins og rekstrarniðurstaða eins og hún birtist í ársreikningi blasir við að skatttekjur og tekjur frá jöfnunarsjóði reyndust yfir 1600 milljónum meiri en gert hafði verið ráð fyrir.

Betri afkoma byggir því fyrst og fremst á því að skattheimta hefur aukist hlutfallslega meira en sem nemur vexti gjalda og þar munar mestu um auknar útsvarsgrreiðslur og fasteignaskatta sem bæjarbúar hafa greitt umfram það sem áætlað var.

Árangurinn endurspeglar sömuleiðis þá stefnu sem núverandi meirihluti hefur rekið síðustu ár og birtist meðal annars í því að sveitarfélagið hefur dregist aftur úr öðrum sveitarfélögum þegar kemur að þjónustu við foreldra ungra barna, að rekstri leikskóla, að kaupum á félagslegu húsnæði og á aðgerðarleysi meirihlutans við húsnæðisvanda bæði ungra hafnfirðinga og eldri.

Það er ánægjulegt að skuldaviðmiðið lækki en það er rétt að undirstrika að hlutfallið lækkar ekki vegna lægri skulda heldur vegna þess að tekjur sveitarfélagsins hafa aukist eins og áður segir. Mikilvægt er að lækkun skulda verði sett í forgang næstu ár en fyrirliggjandi fjárhagsáætlanir núverandi meirihluta gefa því miður ekki von slíkt."

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins og þau Einar Birkir Einarsson og Guðlaug Kristjánsdóttir leggja fram svohljóðandi bókun:

"Meirihlutinn fagnar þeim frábæra árangri sem náðst hefur í að bæta fjárhagsstöðu Hafnarfjarðarbæjar undanfarið og á kjörtímabilinu öllu. Starfsfólki bæjarins er þakkað samstarfið og ómetanlegt framlag við að ná þessum árangri.

Nú er bjart framundan í Hafnfirði."

[Hafnarfjardarbaer\\_ársreikningur\\_2017\\_Bæjarstjórn\\_11.04.2018.pdf](#)

[Ársreikningur 2017 - glærukynning.pptx](#)

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:13



## Bæjarstjórn - 1803

### FUNDARBOÐ

**1803. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar  
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, 11. apríl 2018 og  
hefst kl. 17:00**

#### Dagskrá:

##### Almenn erindi

###### **1. 1406187 - Ráð og nefndir 2014-2018, kosningar**

1.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 21.mars sl.

Breyting á fulltrúum Bjartrar framtíðar í fræðsluráði þar sem Þórunn Blöndal, Brekkugötu 7, fer úr ráðinu og í hennar stað tekur sæti Áshildur Hlín Valtýsdóttir, Ljósabergi 48, 221 Hafnarfirði.

Vísað aftur til Bæjarstjórnar vegna formgalla.

###### **2. 1803007 - Frístundastyrkur, reglur**

6.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 21.mars sl.

Lagt fram minnisblað um hækkun Frístundastyrks og um breytt aldursviðmiðum.

Fræðsluráð leggur til við bæjarstjórn að frístundastyrkir verði greiddir til ungmenna út árið sem þau ná 18 ára aldri og að samþykktin taki gildi frá og með 1. janúar 2018. Gert er ráð fyrir að breytingin muni kosta um 2.1 milljón króna á árinu og er þeirri breytingu á fjárhagsáætlun 2018 vísað til gerðar viðauka bæjarráðs.

###### **3. 1312019 - Hraðlest, fluglest**

4.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 22.mars sl.

Til umræðu og afgreiðslu.

Málinu vísað til bæjarstjórnar.

###### **4. 1801249 - Strandgata 6, Bæjarbíó, erindi**

7. liður úr fundargerð bæjarráðs 5. apríl s.l. "Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi samningsdrög og felur bæjarstjóra að ljúka málinu í samræmi við umræður á fundinum".

Lagt fram til bæjarstjórnar til samþykktar og staðfestingar, breytingar á samningi um rekstur og umsjón Bæjarbíós 2016 til 2019 ásamt samningi um rekstur og umsjón Bæjarbíós 2016 til 2019.

###### **5. 1612131 - Sörlaskeið 22, ósk um lóðarstækkun**

7.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 22.mars sl.

Lögð fram beiðni lóðarhafa um ósk um lóðarstækkun í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Berglind Guðmundsdóttir landslagsarkitekt og Lílja Ólafsdóttir lóðaritari mættu til fundarins.

Bæjarráð samþykkir erindið og leggur til við bæjarstjórн að samþykkja stækkun á lóðinni í samræmi við gildandi deiliskipulag og að lóðarleigusamningur verði gerður miðað við stærð lóðarinnar.

#### **6. 1803270 - Malarskarð 8, umsókn um lóð**

13.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 22.mars sl.

Lögð fram lóðarumsókn um lóðina Malarskarð 8. Umsækjendur Hilmar Rafn Emilsson, kt. 120986-3179 og Hrafnhildur Ágústdóttir kt. 041188-3329 og Jón Hjörtur Emilsson kt. 150491-2159 og Emilía Ýr Jónsdóttir, kt. 281191-2099.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórн að lóðinni Malarskarði 8 verði úthlutað til Hilmars Rafn Emilssonar og Hrafnhildar Ágústdóttur og Jóns Hjartar Emilssonar og Emilíu Ýrar Jónsdóttur.

#### **7. 1803261 - Malarskarð 18, Umsókn um parhúsalóð**

14.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 22.mars sl.

Lögð fram lóðarumsókn um lóðina Malarskarð 18. Umsækjendur Kristinn Þór Ásgeirsson kt. 010957-2149 og Inga Kristín Guðmannsdóttir, kt. 290360-2429 og Benedikt Reynir Kristinsson kt. 251190-2599.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórн að lóðinni Malarskarði 18 verði úthlutað til Kristins Þórs Ásgeirssonar og Ingu Kristínar Guðmannsdóttur og Benedikts Reynis Kristinssonar.

#### **8. 1803268 - Móbergsskarð 1, umsókn um lóð**

15.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 22.mars sl.

Lögð fram lóðarumsókn um lóðina Móbergsskarð 1. Umsækjendur eru Heiðís Rún Guðmundsdóttir kt. 110892-2419 og Brynjar Darri Baldursson, kt. 150193-2659 og Guðmundur Karlsson kt. 050164-2419 og Björg Gilsdóttir kt. 290663-3859.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórн að lóðinni Móbergsskarði 1 verði úthlutað til Heiðísa Rúnar Guðmundsdóttur, Brynjars Darra Baldurssonar, Guðmundar Karlssonar og Bjargar Gilsdóttur.

#### **9. 1803267 - Hádegisskarð 23, umsókn um lóð**

16.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 22.mars sl.

Lögð fram lóðarumsókn um lóðina Hádegisskarð 23. Umsækjandi er Helga Björg Sigurðardóttir kt. 280771-5039.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórн að lóðinni Hádegisskarði 23 verði úthlutað til Helgu Bjargar Sigurðardóttur.

#### **10. 1803274 - Hádegisskarð 21, umsókn um lóð**

17.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 22.mars sl.

Lögð fram lóðarumsókn um lóðina Hádegisskarð 21. Umsækjandi er Einar Þór Lárusson, kt. 281082-6049 og Hildur Hálfdanardóttir, kt. 281284-3209

Tvær umsóknir eru um lóðina Hádegisskarð 21 og dregið er á milli umsækjenda. Nafn Einars Þórs Lárussonar og Hildar Hálfdanardóttur er dregið út.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að úthluta lóðinni Hádegisskarði 21 til Einars Þórs Lárussonar og Hildar Hálfdanardóttur.

#### **11. 1803266 - Hádegisskarð 21, umsókn um lóð**

18.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 22.mars sl.

Lögð fram lóðarumsókn um lóðina Hádegisskarð 21. Umsækjandi Björn Arnar Magnússon kt. 040964-2589 og Rannveig Sigurðardóttir kt. 090667-5569.

Tvær umsóknir eru um lóðina Hádegisskarð 21 og dregið er á milli umsækjenda. Nafn Einars Þórs Lárussonar og Hildar Hálfdanardóttur er dregið út.

Umsækjendur sækja um til vara lóðina Hádegisskarð 11.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni Hádegisskarði 11 verði úthlutað til Björns Arnars Magnússonar og Rannveigar Sigurðardóttur.

#### **12. 1608293 - Fornubúðir 5, byggingaráform**

1.liður úr fundargerð hafnarstjómar frá 28.mars sl.

Lagt fram erindi frá Fornubúðum eignarhaldsfélagi ehf dags. 20. mars 2018 þar sem óskað er eftir afslætti af álögðum gatnagerðargjöldum vegna nýbyggingar við Fornubúðir 5.

Hafnarstjórn mælir ekki með erindinu en víesar því til afgreiðslu í bæjarstjórn.

#### **13. 1803343 - Óseyrarbraut 25**

2.liður úr fundargerð hafnarstjómar frá 28.mars sl.

Lagt fram erindi frá Gunnar Berg Viktorssyni dags 28. mars 2018 fyrir hönd þAG ehf þar sem sótt er um lóðina Óseyrarbraut 25 fyrir hafnsækna starfsemi og lagerhúsnæði

Hafnarstjórn samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að þAG ehf. kt: 680318-0180 verði úthlutað lóðinni Óseyrarbraut 25 með nánari skilmálum.

#### **14. 1803389 - Sólvangsvegur 3, fastanr. 222-0530, íbúð, kauptilboð og fylgiskjöl**

4.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 5.apríl sl.

Lagt fram kauptilboð ásamt söluyfirliti í íbúð að Sólvangsvegi 3.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að gengið verði að framlögðu kauptilboði vegna íbúðar að Sólvangsvegi 3.

#### **15. 1411212 - Borgarlína**

8.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 3.apríl sl.

Skipulags- og byggingarráð fól skipulagsfulltrúa að hefja undirbúning að aðalskipulagsbreytingu vegna borgarlínu á fundi sínum þann 9. feb. s.l.

Lögð fram til kynningar drög að breyttu aðalskipulagi. Jafnframt lögð fram lokafreiðsla á breytingu á svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins dags. 6. mars 2018.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir lokaafreiðslu á breytingu á svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins dags. 6. mars 2018 og víesar erindinu til bæjarstjórnar sbr. 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 9. gr. laga um umhverfismat áætlanar nr. 105/2006.

Skipulags- og byggingarráð felur skipulagsfulltrúa að vinna að breytingu á greinagerð Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025 m.t.t. fyrirliggjandi tillögu að aðalskipulagsbreytingu.

### Fundargerðir

#### 16. 1801218 - Fundargerðir 2018, til kynningar í bæjarstjórn.

Fundargerðir fjölskylduráðs frá 23.mars og 6.apríl sl.

Fundargerðir bæjarráðs frá 22.mars og 5.apríl sl.

a. Fundargerðir hafnarstjórnar frá 1.,14. og 28. mars sl.

b. Fundargerð heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis frá 26.mars sl.

c. Fundargerðir menningar- og ferðamálanefndar frá 26.febr. og 14.mars sl.

d. Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga frá 23.mars sl.

e. Fundargerðir stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 19.jan. og 21.febr. sl.

f. Fundargerðir stjórnar SORPU bs. frá 7.og 16. mars sl.

g. Fundargerð stjórnar SSH frá 5.mars sl.

h. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 16.mars sl.

Fundargerðir umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 21.mars og 4.apríl sl.

a. Fundargerðir stjórnar SORPU bs. frá 7. og 16. mars sl.

b. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 16.mars sl.

Fundargerðir skipulags- og byggingaráðs frá 20.mars og 3.apríl sl.

Fundargerðir fræðsluráðs frá 21.mars og 4.apríl sl.

a. Fundargerðir íþrótt- og tómstundanefndar frá 2.,14. og 22.mars sl.

### Áætlanir og ársreikningar

#### 17. 1804118 - Ársreikningur bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og fyrirtækja hans 2017, fyrri umræða

Ársreikningur bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og fyrirtækja hans 2017 til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

09.04.2018

Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri



## LEITARNIDURSTADÐA

Einar Birkir Einarsson

Skýrsla sótt: 10.04.2018 21:51

Kennitala 300467-5399  
Löghéimilli Grænakinn 1

Vsknr.  
Póstnúmer

Hefur ekki vsknr.  
220 Hafnarfirði

Ofangreindar upplýsingar eru unnar eftir festanóluðum reglugi af starfsmönnum Creditinfo. Reynt er að gæta þess að upplýsingar séu ávallt sem réttastar en så fyrirvarí er hér gerður að ekki er hægt að sþbyrgjast að sve se.

Bessi lína verður að fylgja prentlendum góðnum N. 520515977 D. 2018-04-10 21:51:44



## FASTEIGNAMATSUPPLÝSINGAR

Álfaheiði 13, Kópavogur

### FASTANÚMER 205-7774

Fastanúmer	205-7774	Landnúmer	113511	Notkun	Íbúð á hæð
Greinitala	1000 01	Tryggingafélag	VÖR - Vörður Íslandstr.	Flatarmál	179,1 m2
Fasteignamat	59.450.000	Brunabótamat	50.900.000	Lóðarmat	11.250.000
Endurstofnverð	52.640.000	Húsmat	48.200.000	Byggingarefni	Steypt
Lýsing	Einbýlishús	Fasteignamat næsta árs	0		

### Eigendur samkvæmt gjaldendaskrá Þjóðskrár Íslands

Eigandi	Kennitala	Eignarhluti	Kaupdagur	Afhendingardagur
¶ Hulda Ragna Valsdóttir	231271-5549	70,0000%	27.06.2017	01.10.2017
¶ Einar Birkir Einarsson	300467-5399	30,0000%	27.06.2017	01.10.2017

### Sérmetnar einingar

Auðkenni	205-7774	Flatarmál	179,1 m2
Merking	01-0101	Mstig	7
Herbergi	5	Fasteignamat	59.450.000
Lýsing	Íbúð	Brunabótamat	50.900.000
Byggingarár	1986	Endurstofnverð	52.640.000
Bstig	7		

### Skýringar

Bstig - Samþykkt byggingarstig frá byggingarfulltrúa

Mstig - Málstig (forsenda mats, meðstöð byggingarstigi)

Skv. 11. gr. reglugerðar nr. 405/2008 um þinglýsingar. Upplysingar þessar eru söttar til Þjóðskrár Íslands með tengingu við Fasteignaskrá.

Ofangreindar upplýsingar eru unnar eftir fastmótuðum reglum af starfsmönnum Creditinfo. Reynt er að gaeta þess að upplýsingar séu ávallt sem rettastar en sa fyrirvari er hér gertur að ekki er hægt að ábyrgjast að svo sé.

Þessi línur verður að fylgja þrentuðum gögnum: N. 520513305 D, 2018-04-10 16:07:07



**LEITARNIÐURSTAÐA****Hulda Ragna Valsdóttir**

Skýrsla sótt: 10.04.2018 16:10

Kennitala  
Lögheimili231271-5549  
Álfaheiði 13Vsknr.  
PóstnúmerHefur ekki vsknr.  
200 Kópavogi

Ofangreindar upplýsingar eru umnar eftir fastlmótuðum reglugi af starfsmánnnum Creditinfo. Reynt er að gæta þess að upplýsingar séu ávallt sem réttastar en sá fyrri vari er hér gerður að ekki er hægt að ábyrgjast að svo se.

Þessi líná verður að fylgja prentuðum gögnum N. 520513426 D. 2018-04-10 16:10:38



INNLENT

# Meiri hlutinn hangir á bláþræði vegna vafa um kjörgengi Einars

⌚ 7. apríl 2018 09:30

Líkar þetta 15



Gengið hefur á ýmsu í herbúðum Bjartrar framtíðar í Hafnarfirði á kjörtímabilinu sem er að líða.

FRÉTTABLADIÐ/VALLI

Fyrrverandi bæjarfulltrúar í Bjartri framtíð í Hafnarfirði og fulltrúar flokksins í nefndum og ráðum bæjarins elda nú grátt silfur. Annar bæjarfulltrúanna býr í Kópavogi en hefur skráð lögheimili hjá ættingjum í Hafnarfirði. „Það er ekki til

þess að auka veg og virðingu bæjarstjórnar Hafnarfjarðar ef bæjarfulltrúar eru í raun að hagræða lögheimilisskráningu sinni til að geta setið í bæjarstjórn,“ segir Margrét Gauja Magnúsdóttir, sitjandi forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.

Kjörgengi Einars Birkis Einarssonar í bæjarstjórn verður tekið fyrir í forsetanefnd bæjarins á mánudaginn, en hann mun hafa flutt í Kópavog á miðju kjörtímabilinu en hafa lögheimili skráð hjá ættingjum í Hafnarfirði.

„Ef þetta er rétt, að bæjarfulltrúi í Hafnarfirði sé sannarlega með búsetu í öðru sveitarfélagi, þá þarf bara að ræða það finnst mér,“ segir Margrét og bætir við: „Það er lögfræðingur sem vinnur með forsetanefndinni og ég vil bara fá það upp á yfirborðið hver staðan er og hvort þetta er eðlilegt.“

Samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna er kjörgengi meðal annars háð skilyrði um lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi.

Margrét segist munu ræða við Einar Birki um helgina til að heyra hans sjónarmið í málinu. Ekki náðist í Einar við vinnslu fréttarinnar.



Hafnarfjörður Hafnarfjarðarkirkja kirkja

Einar er annar tveggja fyrrverandi bæjarfulltrúa Bjartrar framtíðar í Hafnarfirði en þau Einar og Guðlaug Kristinsdóttir sögðu sig úr Bjartri framtíð á dögunum en hyggjast halda áfram í meirihlutasamstarfi með Sjálfstæðisflokknum út kjörtímabilið sem óháðir bæjarfulltrúar.

Guðlaug hefur verið í leyfi að undanförnu og hefur varamaður hennar, Borghildur Sturludóttir, tekið sæti í bæjarstjórn í fjarveru hennar en mjög stirt mun vera milli þeirra.

Fyrir liggur að samlyndi innan Bjartrar framtíðar í Hafnarfirði hefur hangið á bláþræði um töluverða hríð. Nú er svo komið að alger klofningur er milli bæjarfulltrúanna tveggja annars vegar og þeirra fulltrúa sem Björt framtíð á í nefndum og ráðum bæjarins hins vegar og fari svo að Einar Birkir þurfi að láta af starfi sem bæjarfulltrúi vegna breyttrar búsetu, er ljóst að meirihlutinn stendur það tæpast af sér.

Haldi meirihlutinn stöðu sinni geta fulltrúar Bjartrar framtíðar í nefndum og ráðum hins vegar búist við því að þurfa að taka pokann sinn enda sitja þau í skjóli bæjarstjórnar Sjálfstæðisflokkss og hinna tveggja óháðu fyrrverandi fulltrúa Bjartrar framtíðar. Samkvæmt heimildum blaðsins gæti tíðinda verið að vænta af örlögum þeirra á fundi bæjarstjórnar í næstu viku.

Birtist í Fréttablaðinu

Athugið. Allar athugasemdir eru á ábyrgð þeirra er þær rita. Vísir hvetur lesendur til að halda sig við málefnalega umræðu. Einnig áskilur Vísir sér rétt til að fjarlægja ærumeiðandi eða ósæmilegar athugasemdir og ummæli þeirra sem tjá sig ekki undir eigin nafni.

## Fleiri fréttir

INNLENT

# Ráku menn BF úr öllum ráðum

Aðalheiður Ámundadóttir skrifar ⌂ 12. apríl 2018 06:00

Líkar þetta 81



Guðlaug Kristjánsdóttir, forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.

Meirihluti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar samþykkti í gær á hitafundi að víkja Borghildi Sturludóttur og Pétri Óskarssyni úr nefndum og ráðum sem þau hafa setið í fyrir hönd Bjartrar framtíðar. Forseti bæjarstjórnar, Guðlaug Kristjánsdóttir, lagði þetta til á bæjarstjórnarfundi í gær.

Guðlaug og Einar Birkir Einarsson bæjarfulltrúi sögðu sig nýlega úr Bjartri framtíð. Þau hafa starfað í meirihluta með Sjálfstæðisflokknum. Eftir úrsögn þeirra hefur legið í loftinu að fulltrúar Bjartrar framtíðar yrðu teknir úr nefndum og ráðum en Borghildur Sturludóttir, sem setið hefur í skipulags- og byggingarráði fyrir flokkinn, hefur gagnrýnt

hvernig meirihlutinn hefur staðið að ákvarðanatöku um byggingu knatthúsa.

## Sjá einnig: Segja sig úr Bjartri framtíð vegna samstarfsörðugleika

Tillögu Guðlaugar var harðlega mótmælt á fundinum af Gunnari Axel Axelssyni, bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar. Urðu umræður um málið svo heitar að gera þurfti hlé á fundi og vísa gestum út.

Í frétt Fjarðarfréttu af fundinum segir að umræður hafi verið svo háværar að ómur af þeim hafi borist út á götu. Svo fór að lokum að samþykkt var að víkja Borghildi og Pétri úr nefndum og ráðum.

Afgreiðslan hefur þegar verið kærð til ráðuneytisins herma heimildir Fréttablaðsins.

Birtist í Fréttablaðinu

Sveitarstjórnir

## Tengdar fréttir



### **Meirihlutinn hangir á bláþræði vegna vafa um kjörgengi Einars**

Fyrverandi bæjarfulltrúar í Bjartri framtíð í Hafnarfirði og fulltrúar flokksins í nefndum og ráðum bæjarins elda nú grátt silfur. Annar bæjarfulltrúanna býr í Kópavogi en hefur skráð lögheimili hjá ættingjum í Hafnarfirði.

⌚ 7.4.2018 03:33



### **Segja sig úr Bjartri framtíð vegna samstarfsörðugleika**

"Það var okkar mat á þessum tímapunkti að samstarfið væri ekki eins og best væri á kosið og það væri rétt að segja sig frá Bjartri framtíð," segir Einar Birkir.

⌚ 4.4.2018 21:16

# Kjörnum fulltrúum Bjartrar framtíðar í ráðum bolað út

Bæjarfulltrúar öskruðu á hvern annan í fundarhléi svo heyrðist út

11. apríl 2018



Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir tók á ný sæti í bæjarstjórn án skýringa

Bæjarstjórnarfundur hófst kl. 17 í dag þar sem allir aðalbæjarfulltrúar voru mættir, Guðlaug kom inn úr sínum samþykktu forföllum sem samþykkt voru á síðasta fundi án nokkurra skýringa og Einar Birkir Einarsson situr sem fastast þó hann sé fluttur í Kópavog.

Fundurinn hófst á því að lagað var klúður frá síðasta fundi þar sem átti að skipta út varafulltrúa í fræðsluráði. Sitjandi varafulltrúi óskaði lausnar þar sem hann hafi skipt um stjórnmálflokk og annar átti að koma í staðinn. Þess í stað var hinn nýi fulltrúi samþykktur sem aðalmaður sem auðvitað var ekki hægt.

Þá lagði Guðlaug til breytingar í skipulags- og byggingarráði en það mál var ekki á útsendri dagskrá og ekki var óskað eftir að taka málið inn með afbrigðum.



Frá bæjarstjórnarfundinum í dag

Breytingarnar fólust í því að bola út kjörnum fulltrúum, þeim Borghildi Sölvey Sturludóttur og Pétur Óskarsson úr ráðinu og setja inn í þess stað Helgu Björgu Arnardóttur sem var varamaður og Hörð Svavarsson.



Cinor Þirkir Einarsson sem flutt hefur heimili sitt í Kópavog situr sem fastast í krafti þjóðskrárskráningar hjá systur sinni.

Gunnar Axel Axelsson, bæjarfulltrúi gerði athugasemdir við þessa afgreiðslu sem hann taldi að samrýmdist ekki lög og vísaði til úrskurðar umboðsmanns Alþingis.

Forseti óskaði eftir fundarhléi og var gestum vísað úr salnum. Greinilega gekk mikið á í meira en klukkutíma löngu hléi þar sem hávaði barst út frá salnum og ljóst að bæjarfulltrúar öskruðu á hvern annan.

Eftir fundarhlé var tillagan lögð fram og samþykkt með 7 atkvæðum en fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna sátu hjá og létu bókað að þau gætu ekki tekið afstöðu til tillögunnar eins og hún væri borin fram.

Sama gilti um tillögu um breytingu í hafnarstjórn. Þar var Borghildur Sölvey Sturludóttir sett út og Karólína Helga Símonardóttir kom inn sem aðalmaður. Þá var Pétur Óskarsson settur út sem varamaður og Hulda Sólveig Jóhannsdóttir kom inn sem varamaður.



Gunnar Axel Axelsson i ræðustóli á bæjarstjórnarfundinum

Deila:



---

#### Related

Deilt um ritun fundargerða  
bæjarins  
2. febrúar 2018  
Í "Pólitík"

Samþykktir bæjarins brotnar er  
Borghildi var haldið frá  
bæjarráði  
9. apríl 2018  
Í "Pólitík"

Leikfélag Hafnarfjarðar fær  
ekkert húsnæði  
24. janúar 2018  
Í "Menning og mannlíf"

## Ummæli

0 Ummæli

